

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 275/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/607 frá 15. mars 2023 um breytingu á reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 að því er varðar umbreytingarákvæði um tiltekin lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

XXX. kafla II. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745):

„– **32023 R 0607**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/607 frá 15. mars 2023 (Stjttíð. ESB L 80, 20.3.2023, bls. 24).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746):

„– **32023 R 0607**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/607 frá 15. mars 2023 (Stjttíð. ESB L 80, 20.3.2023, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2023/607, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 80, 20.3.2023, bls. 24.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.